

Mál nr. 216/2007
M og
Vátryggingafélagið V v ferðatryggingar.

Krafa um bætur úr ferðatryggingu vegna forfalla M þ.25þ9.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2007
2. Tjónstilkynning dags. 2.10.2007
3. Læknisvottorð dags. 21.9.2007 ásamt fylgiskjali
4. Bréf V dags. 10.12.2007 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

M ætlaði í ferð til Alicante 25.9.2007 og heim aftur mánuði síðar en hætti við ferðina sökum veikinda og gerir kröfu til bóta úr ferðatryggingu sinni hjá V. Skv. læknisvottorði dags. 21.9.2007 segir að M hafi ekki verið ferðafær þ. 20.9.2007 en hún hafi átt við þráláta verki í hægri mjöðm og fengið sterasprautur síðast þ.19.9.2007 en versnað og óvíst hafi verið hvort endurteknar sterasprautur mundu ráða bót á vanda M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki beri að greiða bætur vegna tjóns vegna veikinda eða sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. V vísar síðan til skúkdómssögu M og telur umrætt tjón M ekki bótaskyld.

Álit.

Fyrir liggur að M kenndi sér þess meins og var til meðferðar vegna þess sjúkdóms sem olli því að hún var ekki ferðafær þegar M greiddi staðfestingargjald vegna ferðarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá V.

Reykjavík 19.12. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.